

Bókartitill	Höfundur	Um bókina í mjög stuttu máli! Tekið af netinu 15. jan. 24
Risaeðla. Hin stórkostlega bók um risaeðlur	Miguel A. Rodríguez Cerra Þýð: Ingunn Snædal	Myndirnar í bókinni sýna hvernig mikilfenglegu risaeðlur litu út, allt frá þeim frumstæðustu til síðustu tegundanna sem reikuðu um jörðina.
Valskan	Nanna Rögnvaldardóttir	Prestsdóttirin Valka á sér ýmsa drauma. Frásögnina byggir Nanna á lífi formóður sinnar, Valgerðar Skaftadóttur, sem fædd var árið 1762.
Menntuð	Tara Westover Þýð: Ingunn Snædal	Hún átti ekki fæðingavottorð, engin einkunnablöð því að hún hafði aldrei stigið fæti inn í skólastofu. Opinberlega var hún ekki til. Hún ákvað að mennta sig sjálf þegar hún var 16 ára.
Þegar fennir í sporin	Steindór Ívarsson	Þegar Róbert fær beiðni um að snúa aftur til Íslands frá Þýskalandi eftir fjörutíu og fjögur ár til að jarðsyngja æskuvinkonu sína Örnuneyðist hann til að horfast í augu við fortíðina og leyndarmálin sem ekki hafa þolað dagsins ljós.
Sálarhlekki	Steindór Ívarsson	Sálarhlekki er einstaklega fögur og átakanleg skáldsaga sem fléttar fortíðinni saman við það sem virðist vera síðasti kaflinn í bók lífsins. Þetta er saga um sársauka, söknuð og sektarkennd en líka saga um ástina, uppgjör og endurlausn.
Sniglaveislan	Ólafur Jóhann Ólafsson	Lesendur kynast eftirminnilegum persónum, sjá spaugilegar hliðar tilverunnar og verða vitni að óvæntum sviptingum mannlífsins.
Snjór í paradís	Ólafur Jóhann Ólafsson	Átta smásögur sem fjalla um tengsl og nánd í mannlegum samskiptum. Allt það sem við geymum innra með okkur vegna þess að við þorum ekki að treysta öðrum fyrir því af ótta við að þá glattist hluti af töfrum þess.

Líkaminn geymir allt: hugur, heili, líkami og batinn eftir áföll	Bessel van der Kolk Þýð: Arnþór Jónsson og Hugufrún Hrönn Kristjánsdóttir	Í þessari þekktu bók sem nefnd hefur verið „Áfallabíblían“ rekur einn helsti sérfræðingur heims í áfallafræðum fjölda staðreynda um afleiðingar áfalla og kynnir leiðir til bata; aðferðir sem reynst hafa skilvirkar til að lækna huga, heila og líkama.
Móðurást: Oddný	Kristín Ómarsdóttir	Oddný Þorleifsdóttir, fædd 1863, elst upp í Bræðratungu, í hópi duglegra og glaðsinna systkina. Lífsbaráttan er hörð. „Móðurfólk mitt hélt ekki dagbækur sem ég veit af, það afmáði ummerki, gekk svo snyrtilega um að það skildi ekki eftir sig efniskennnd spor. Að skrifa söguna eru því drottinssvik við móðurfólk mitt, einnig skuld við það og þökk.“
Inngangur að efnafræði	Bonnie Garmus Þýð: Sunna Dís Másdóttir	Ástir og efnafræði, sjónvarpsþættir um matargerð, kenningar um sjálfskvikun lífs og vaknandi kvenfrelsi á sjöunda áratug síðustu aldar – allt blandast þetta saman á óviðjafnanlegan hátt í þessari hröðu, spennandi, myndu og hjartnæmu sögu af efnafræðiséníinu og sjónvarpskokknum Elizabeth Zott.
Dauðinn	Björn Þorláksson	Dauðinn fjallar um fólk sem tekst á við feigðina í ýmsum myndum. Höf. ræðir við dauðavona fólk og þá sem hafa misst ástvini og fléttar saman við rannsóknir og hugleiðingar.
Aksturslag innfæddra	Þórdís Gísladóttir	Í þessari bók birtast sjö smásögur sem allar eru sprottnar úr raunveruleikanum. Við sögu kemur fjölbreyttur hópur fólks sem lesendur kannast hugsanlega við.
DJ Bambi	Auður Ava Ólafsdóttir	Bambi er 61 árs gömul trans kona sem vann áður sem

		plötusnúður en er í dag sérfræðingur í smæstu byggingareiningum mannlíkamans, frumum. Þetta er saga hennar frá því hún deildi móðurkviði með tvíburabróður sínum og þar til hún fór að taka kvenhormón.
Ból	Steinunn Sigurðardóttir	Eldheit og grípandi átakasaga um ofurást og hjartasorg, styrk og uppgjöf, listilega stíluð og byggð svo úr verður magnað og margbrotið skáldverk.
Blóðmjólk	Ragnheiður Jónsdóttir	Lesandinn sogast inn í vinkvennahóp sem verður fyrir miklu áfalli þegar ein þeirra deyr með hræðilegum hætti. Sjónarhornið flakkar á milli kvennanna þannig að lesandinn kynnist persónunum frá ýmsum hliðum.
Eimreiðarelítan: Spillingarsaga	Þorvaldur Logason	Sagan fylgir frægustu valdaelítu nútímans frá upphafi áforma hennar um yfirráð yfir Íslandi. Á hátindi pólitískrar sigurgöngu hennar afhjúpaðist mesta fjármálaspilling sem sannast hefur í markaðskerfi í heiminum og kveikti umfangsmeiri fjárvikarannsóknir en áður hafa þekkt í Evrópu. Sumt vissirðu. Sumt grunaði þig. Hér færðu stóra samhengið.
Náttúrulögmálin	Eiríkur Örn Norðdahl	Söguleg skáldsaga þar sem brugðið er á leik með heimildir og staðreyndir svo úr verður karnivalísk og bráðskemmtileg frásögn af kaupstaðarlífi Ísafjarðar á miklum umbreytingatímum í sögu þjóðarinnar og heimsbyggðarinnar allrar.
Fólkið á Eyrinni smámyndir og þættir		Bókin er nokkurs konar framhald bókana Svipmyndir úr síldarbæ 1 og 2 og líta má á sem uppgjör hans við síldarárin. Hann leiðir lesandann um tvær götur sem mynda kross á miðri Siglufjarðareyri og segir frá

		fólkinu sem þar bjó og sérstæðum vegfarendum.
Konurnar á Eyrarbakka – Sitthvað af konu minni hverri	Jónína Óskarsdóttir	Í bókinni eru 38 viðtöl við konur og samtöl um konur sem eru fæddar á tæplega hundrað ára tímabili, ýmist innfæddar, aðfluttar eða brottfluttar. Hér má lesa um uppeldi, menningu, mat og menntun, kvennabaráttu og verndun hús, handverk og garðyrkju, félags- og frumkvöðlastörf, veikindi og missi, lífsbáttu og sjálfsbjargarviðleitni, en líka vináttu, sam hjálpi og góða granna.
Að deyja frá betri heimi: ævisaga Jónasar Kristjánssonar læknis	Pálmi Jónsson	Jónas Kristjánsson sór þess dýran eið að gerast læknir þegar móðir hans dó frá átta börnum í torfbæ í Svinadal árið 1881. Þá var hann 11 ára að aldri. Faðir hans lést nokkru síðar eftir fádæma harðindi, fjölskyldan var leyst upp og flest fóru til Vesturheims. Jónas barðist til mennta með miklu harðfyllgi og útskrifaðist sem læknir um aldamótin. Á síðari hluta ævinnar áttu náttúrulækningar hug Jónasar allan
Flagsól	Melkorka Ólafsdóttir, Hlíf Una Bárudóttir myndskreytti	Í þessari undurfallegu bók fáum við að kynnast leyndarlífi íslenskra sveppa. Raddir þeirra berast okkur úr skógarbotninum og vegkantinum, af trjábolum, greinum og steinum; við kynnumst sveppum sem skjóta, springa, seyta, fettast og brettast, trega og syrgja, daðra og elska.
Aldrei nema kona	Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir	Heimildaskáldsaga sem fylgir þremur ættliðum kvenna í Skagafirði á átjándu og nítjándu öld. Þetta eru fátækar konur og lífsbáttan er hörð en með þrautseigju og æðruleysi tekst þeim að komast af þrátt fyrir hart

		árferði og harðneskjulegt samfélag.
Þá breyttist allt	Margrét Blöndal og Guðríður Haraldsdóttir	Hvaða fólk er þetta sem kys að koma til Íslands, afskekktar eyju í Norður-Atlantshafi? Hvaðan kemur það og af hverju flytur það búferlum á milli landa? Sögurnar á bak við hvern og einn eru jafn ólíkar og þær eru margar. Eitt eiga þær þó sameiginlegt; þegar þetta fólk flutti til Íslands þá breyttist allt.
Bækur á Storytell		
Fjallalíf	Lyla Branden	
Sjö systur	Lucinda Riley	
Spítalastelpan	Sigmundur Ernir Rúnarsson	
Sagan af Hertu	Anna Sundbeck Klav	
Bækur eftir Snjólaugu Bragadóttur		